

AUGLÝSING

um samþykkt breytingar á deiliskipulagi í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi sem hér segir:

Vestursvæði – Höfðahverfi.

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér breytingu á legu göngustígs milli Súluhöfða og golfvallar. Í stað þess að stígurinn tengist einungis inn á gangstétt í neðstu götunni í Súluhöfða fer hann einnig norðvestur fyrir neðstu lóðirnar og tengist inn á núverandi stíg sem liggur til vesturs og niður gegnum golfvöllinn að strandstíg.

Ofangreind breyting hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Mosfellsbæjar, 14. október 2019,

Ólafur Melsted skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 15. október 2019